



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/730
komudagur 13.1.2009



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál.

Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fiskvinnslustöðva hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Með frumvarpinu eru gerðar nokkrar breytingar á gjaldtökuheimildum fráveitufyrirtækja á atvinnustarfsemi. Í frumvarpinu eru alls fjórar mismunandi heimildir til gjaldtöku og koma þær fram í 13., 14. og 20. gr. Að nokkru leyti er um að ræða gjaldtökuheimildir sem eru þegar til staðar í vatnalögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær heimildir falla niður þegar þetta frumvarp verður að lögum. Aðrar heimildir eru nýjar og einnig eru lagðar eru til breytingar á innheimtuleiðum.

Í nefndinni sem vann frumvarpið sátu fulltrúar stjórnvalda, sveitarfélaga og veitufyrirtækja, sem eru þeir aðilar sem munu setja gjaldskrár og innheimta gjöldin. Athygli er vakin á því að ekki var haft samráð við fulltrúa atvinnulífsins vegna gerðar frumvarpsins en þess var gætt að kynna frumvarpsdrögin ýmsum öðrum aðilum, s.s. fulltrúum húseigenda, sumarhúsaiegenda og neytenda. Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar.

14. gr. grein er þrískipt og fjallar um almennt fráveitugjald, gjald á atvinnustarfsemi miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli og að lokum aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra ráðstafana. Í fyrstu virðist hér um þrjú aðskilin gjöld að ræða sem heimild er til að beita öllum á eitt og sama fyrirtækið en við nánari skoðun kemur annað í ljós. Gjald skv. 2. mgr., þ.e. gjald miðað við innrennsli, er í raun heimild til að innheimta fráveitugjaldið á annan hátt en miðað við fast gjald auk hugsanlegs álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að 2. mgr. 14. gr. falli á brott. Umsagnaraðilar mótmæla því að sett séu í lög nýjar leiðir til innheimtu án frekari skýringa á hvernig það spilar saman við eldri innheimtuleiðir. Saknað er skýringa á hverjar heimildir veitufyrirtækja eru til að belta þessum mismunandi gjaldtökuleiðum, saman eða sitt í hvoru lagi. Óljóst er hvenær þessu yrði beitt, af hvaða ástæðu og í hvaða tilgangi. Engin greining hefur fram á áhrifum breytinganna á atvinnulíf, hverslags atvinnustarsemi mun hafa hag af henni og hverjir þurfa að sæta þyngri álögum. Gjaldtaka af þessu tagi hefur helst áhrif á annars vegar fyrirtæki sem losa lítið af vatni og hins vegar þau sem losa mikið af vatni, t.d. matvælaframleiðsla og fiskvinnsla. Þar er vatnsnotkun einkum vegna þrifa og þvotta svo segja má að gjaldtökuleiðin geti orðið eins konar skattlagning á þrif. Magnmæling er augljóslega nokkuð flókin gjaldtökuleið því áætla þarf notkun sem ekki fer í niðurföll, t.d. vegna framleiðslu, og

draga hana svo frá innrennsli vatns. Víst er að upplýsingar eru misgóðar milli fyrirtækja og þetta getur valdið kostnaði og óhagræði fyrir alla aðila. Umsagnaraðilar telja óþarft að bæta þessari innheimtuleið við þar sem nokkrar leiðir eru nú þegar gefnar þar sem taka má tillit til stærðar eða notkunar fasteignar.

Mikilvægt er að hafa í huga að þetta frumvarp fjallar ekki um mengun og áhrif á viðtaka, bara lagnir og frárennsliskerfið. Önnur lög fjalla ítarlega um losunarmörk og mengun í frárennsli. Magnmælingin sem er lögð til er óháð áhrifum á lagnir, jafnvel þó hreint vatni renni í lagnirnar yrði greitt fyrir magn. Þó er tekið á mengun í 3. mgr. 14. gr. að því marki sem hún getur valdið skaða á fráveitukerfi. Þar er sérstök heimild til að innheimta aukagjald ef talin er hætta á skaða.

Varðandi 3. mgr. 14. gr. er lagt til að skýrar sé kveðið á um að greinin eigi eingöngu við ef umrædd losun er umfram leyfilega losun samkvæmt starfsleyfi eða almennum skilgreindum losunarmörkum. Eðlilegt er að við gerð starfsleyfa sé gert ráð fyrir að losun sé ásættanleg en að ekki geti komið til gjaldtöku eftirá þegar starfsemi hefur verið stunduð samkvæmt þeim leyfum og skilyrðum sem henni eru sett. Minnt er á að með fráveitugjaldi er greitt fyrir viðhald á lögnum.


Í 16. gr. er fjallað um innheimtu á leigugjaldi fyrir magnmælingu sem hefur ekki verið skilgreint annars staðar né veitt heimild fyrir og er lagt til að orðin „leigugjald fyrir magnmælingu“ falli á brott.

Lagt er til að 3. mgr. 17. gr. hefjist á orðunum „Landeigandi og lóðarhafi....“ þannig að starfsemi sem er staðsett á landi í eigu annarra en rekstraraðila hafi einnig þennan rétt.


Mótmælt er ákvæði 20. gr. um hlutlæga ábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi og lagt er til að greinin falli á brott. Ákvæðið er afar íþyngjandi, einkum í ljósi þess að rekstraraðilar hafa önnur úrræði sem þeir geta gripið til. Í fyrsta lagi getur almenn bótaskylda skapast skv. almennu sakareglunni þegar um vítavert athæfi er að ræða sem veldur skaða á eignum og verðmætum. Í öðru lagi taka ákvæði 14. gr. á því að hægt er að innheimta aukagjald á frárennsli sem leiðir til sérstakra aðgerða vegna mengunar. Í þriðja lagi er heimilt að setja kröfur um frárennsli í starfsleyfi hjá starfsemi sem getur valdið mengun til að fyrirbyggja tjón. Í fjórða lagi hefur sá er losar í frárennsli þegar greitt með frárennslisgjaldi fyrir viðhald vegna slits en ljóst er að mörkin milli tjóns og slits geta verið óljós. Umsagnaraðilar telja hættu á að ákvæðinu verði beitt til að innheimta fyrir kostnaði vegna viðhalds sem í raun hefur þegar verið greitt fyrir með frárennslisgjaldi. Auk alls þessa má nefna að erfitt getur verið að rekja uppruna losunar þar sem margir losa í sama frárennsli.



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins



Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva